

Sunddeild Keflavíkur

Ársskýrsla 2007



Aðalfundur Sunddeildar Keflavíkur 28.1.2008

1. Fundarsetning
2. Kosinn fundarstjóri
3. Kosinn fundarritari
4. Fundarritari les fundargerð síðasta aðalfundar
5. Formaður les skýrslur deildarstjórnar um starfssemina á liðnu ári
6. Gjaldkeri deildar leggur fram og útskýrir endurskoðaða reikninga
7. Kaffihlé
8. Kosningar
 - a. Kosinn formaður
 - b. Kosnir 5 meðstjórnendur
 - c. Kosnir 3 menn í varastjórn
 - d. Kosnir 2 endurskoðendur og einn til vara
 - e. Kosið í nefndir og ráð
9. Æfingagjald fyrir næsta ár ákveðið
10. Lögð fram fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár
11. Önnur mál
12. Fundi slitið

Skýrsla stjórnar fyrir árið 2007

Líkt og fyrri ár hafa eldri sundmenn æft og keppt undir merkjum ÍRB með Sunddeild Njarðvíkur og hefur samstarfið verið með ágætum og átt sinn þátt í þeirri uppsveiflu sem einkennt hefur sundstarfið í Reykjaneshús á undanförnum árum.

Árið 2007 var einkar farsælt hjá sundmönnum í Reykjaneshús. Á Íslandsmótinu í 50 metra laug í mars, þá vann okkar fólk til 14 Íslandsmeistaratitla, 10 silfurverðlauna og 11 bronsverðlauna. Á mótinu setti Soffía Klemenzdóttir 3 telpnamet, í 50, 100 og 200 m flugsundi og auk þess átti liðið flesta einstaklinga sem náðu inn í ungleingalandslíð SSÍ, eða 6 alls.

Í maí var hið árlega Sparisjóðsmót ÍRB síðan haldið með meiri stael en nokkru sinni fyrr, þökk sé glæsilegri aðstöðu í Vatnaveröld og frábæru starfi foreldra. Til mótsins mættu 416 sundmenn frá 10 félögum viðsvegar um landið. Sparisjóðurinn gaf veglega farandbikara sem veittir voru þeim sundmönnum sem náðu bestum árangri í sínum aldursflokkum. Bikararnir fóru ekki langt, þar sem okkar sundmenn hrepptu þá alla, Hermann Bjarki Níelsson fyrir 200m skriðsund, Soffía Klemensdóttir fyrir 200m fjórsund, Birkir Már fyrir 200m skriðsund og Erla Dögg fyrir 200m bringusund. Mótið þótti skemmtilegt og fór vel um sundmenn og gesti frá öðrum félögum, sem okkur þótti afskaplega vænt um.

Sunddeildin bætti síðan enn einni skrautfjöldur í hattinn þegar Bikarkeppni Sundsambands Íslands var haldin í Vatnaveröld í júní, en það er í fyrsta skiptið sem Bikarkeppnin er haldin af öðrum aðila en SSÍ. Mótshaldið gekk það vel að ákveðið hefur verið að Bikarkeppnin verður haldin aftur að ári í Vatnaveröld. Á mótinu lenti ÍRB í öðru sæti á eftir Ægiringum, sem er út af fyrir sig ágætis árangur en við viljum meira. Steindór Gunnarsson, yfirþjálfari, létt hafa eftir sér, eftir mótið, að á næstu Bikarkeppni ætlum við okkur sigur og ekkert annað.

Næsta stóra móti var Aldursflokkameistaramót Íslands í sundi, AMÍ, sem haldið var á Akureyri í lok júní. Þar sigraði lið Íþróttabandalags Reykjaneshúsar í fjórða árið í röð, með 1451 stigi, rúmum 400 stigum á undan næsta liði. Hreint út sagt glæsilegur árangur! Bestum árangri einstaklinga náðu þau Soffía Klemenzdóttir, Hermann Bjarki Níelsson og Kristófer Sigurðsson. Telpurnar settu síðan aldursflokkamet í 4 x 100m boðsundi, en sveitina skipuðu Svandís Þóra Sæmundsdóttir, María Halldórsdóttir, Lilja María Stefánsdóttir og Soffía Klemenzdóttir.

Sundmenn ÍRB kórónuðu síðan glæsilega frammistöðu á árinu með því að sópa til sín verðlaunum á Íslandsmeistaramótinu í 25 metra laug, sem haldið var í Laugardalslaug í nóvember. Lið ÍRB vann þar 20 Íslandsmeistaratitla af 40, sem eru fáheyrrir yfirburðir, auk þess sem Soffía setti fjögur aldursflokkamet og Erla Dögg 4 Íslandsmet. Flesta Íslandsmeistaratitla unnu þau Birkir Már, Erla Dögg og Árni Már. Á lokahófi, eftir mótið, var Steindór Gunnarsson síðan valinn þjálfari ársins. Steindór er einkar vel að titlinum kominn, en hann ásamt Eðvarði Þór Eðvarðssyni hefur byggt upp feikna sterkt lið sem sýnt hefur frábæran árangur undanfarið og hefur svo sannarlega alla burði til að halda áfram á sigurbraut. Eins og allir vita sem þekkja til íþróttta, þá er góður þjálfari gulls ígildi. Þeir Steindór og Eðvarð eru svo sannarlega gullmolar sem hafa unnið að uppgangi sundíþróttarinnar hér í bæ af krafti og hugsjón í mörg ár. Aðspurður um hverju Steindór þakkaði þennan frábæra árangur, þá svaraði hann því til að þetta væri

sigur sterkrar liðsheildar sem er skipuð sundmönnum, þjálfurum, foreldrum, stjórn, bæjaryfirvöldum í Reykjanesbæ og fyrirtækjum sem styrkja og styðja starf félagsins.

Æfingagjöld voru hækkuð um 7% síðastliðið haust til að koma til móts við hærri gjöld til SSÍ og vegna hækkunar launavísitölu í landinu. Eftir sem áður eru æfingagjöld deildarinnar talsvert lægri en æfingagjöld þeirra sundfélaga sem við berum okkar saman við. Líkt og undanfarin ár hefur afkoma deildarinnar verið með ágætum og er fjárhagsstaða deildarinnar traust. Við höfum notið stuðnings frá ýmsum aðilum og skal þá fyrst og fremst nefna Sparisjóðinn, Samkaup og Reykjanesbæ. Deildin hefur, líkt og undanfarin ár, styrkt sundmenn til verkefna og keppni.

Heimasíðan hefur tekið miklum framförum á árinu og er nú mikið notuð af stjórn, þjálfurum, sundmönnum og foreldrum. Heimsíðan er vettvangur upplýsingagjafar af ýmsu tagi og má á henni finna ýmislegt til gagns og gamans. Skráningar í Felix verða einnig markvissari með hverju árinu, þar með taldar skráningar á netföngum sundmanna og foreldra og hafa stjórn og þjálfarar í vaxandi mæli nýtt sér að senda tölvupósta til foreldra og sundmanna til að koma mikilvægum upplýsingum til skila.

Sú nýbreytni var tekin upp á árinu að kenna ungbarnasund, kennari er Heiðrún Björg Sigmarsdóttir. Kennslan hefur farið vel af stað og hafa námskeiðin verið vel sótt og notið vinsælda. Það er von sunddeildarinnar að bæjarbúar muni hafa gagn og gaman af og að þetta framtak muni stuðla að enn frekari vexti sundíþróttarinnar hér í bæ.

Það er við hæfi að enda þennan pistil á því að hrósa sundfólkini okkar enn frekar. Íþróttir snúast ekki bara um að vinna titla, heldur ekki síður um að byggja upp kröftuga einstaklinga, líkamlega, andlega og félagslega. Það er gaman að geta þess að sundmenn ÍRB eru rómaðir fyrir góða og skemmtilega framkomu og eru sjálfum sér, foreldrum sínum, félagi og bæ jafnan til mikils sóma hvar sem þau koma.

Stjórn Sunddeildar Keflavíkur árið 2007,

*Guðbjörg Lilja Jónsdóttir, ritari
Guðmundur Jón Bjarnason, formaður
Guðrún Antonsdóttir, gjaldkeri
Júlíus Friðriksson, meðstjórnandi
Niels Hermannsson, varaformaður
Sigriður Björnsdóttir, varamaður
Sigurbjörg Róbertsdóttir, varamaður
Þórhildur Jónsdóttir, varamaður*



Dæmigerð mynd fyrir árið 2007, sundmenn ÍRB fagna sigri. Myndin er tekin á Íslandsmótinu í 25m laug í nóvember. Boðssundssveit ÍRB skipuðu þær þær Soffía Klemenzdóttir og Erla Dögg Haraldsdóttir (frá vinstri til hægri í eftir röð) og Marín Hrund Jónsdóttir og Helena Ósk Ívarsdóttir (niðri).



Mynd tekin á Sprengimóti Óðins á Akureyri í september, þar sem var feikna góða stemming. Á myndinni eru frá vinstri til hægri þau Davíð Hildberg, Elín Óla, Marín Hrund, Bjarni Ragnar, Kristinn og Guðni.



„Gullmolarnir“, Steindór og Eddi

Sundárið 2007 hjá sundmönum SK

Íslandsmeistaratitlar á IM 50 2007

Birkir Már Jónsson: Íslandsmeistari í 100m og 400m skriðsundi og 200m og 100m flugsundi.

Soffía Klemenzdóttir: Íslandsmeistari í 200m flugsundi og 200m fjórsundi.

Davíð Hildiberg Aðalsteinsson: Íslandsmeistari í 50, 100 og 200m baksundi.

Hjalti Rúnar Oddsson: Íslandsmeistari í 50m flugsundi.

Karlasveit ÍRB í 4 x 100m fjórsundi: Davíð Hildiberg Aðalsteinsson,

Guðni Emilsson, Birkir Már Jónsson og Hjalti Rúnar Oddsson

Íslandsmeistaratitlar á IM 25 2007

Birkir Már Jónsson: Íslandsmeistari í 200m og 400m skriðsundi, 4 x 50m fjórsundi, 4 x 50m skriðsundi og 4 x 100m skriðsundi.

Soffía Klemenzdóttir: Íslandsmeistari í 400m fjórsundi og 4 x 50 fjór.

Davíð Hildiberg Aðalsteinsson: Íslandsmeistari í 50 og 200m baksundi.

Guðni Emilsson: Íslandsmeistari í 50m bringusundi.

Karlasveitir ÍRB í 4 x 50m fjórsundi, 4 x 50m skriðsundi og 4 x 100m skriðsundi: Hjalti Rúnar Oddson, Guðni Emilsson, Birkir Már Jónsson og Árni Már Árnason.

Kvennasveit ÍRB í 4 x 50m fjórsundi: Marín Hrund Jónsdóttir, Erla Dögg Haraldsdóttir, Helena Ósk Ívarsdóttir.

Íslandsmeistari Garpa

Sigmar Björnsson í 100 og 200m bringusundi. 45 – 50 ára

Íslandsmeistarar á AMÍ

Helena Ósk Ívarsdóttir, Davíð Hildiberg Aðalsteinsson, Marín Hrund Jónsdóttir, Elín Óla Klemenzdóttir, Jóna Helena Bjarnadóttir, Elfa Ingvadóttir, Hermann Bjarki Níelsson, María Halldórsdóttir, Rúnar Ingi Eðvarðsson, Svandís Þóra Sæmundsd, Ingi Rúnar Árnason, Sofía Klemenzdóttir, Margrét Lilja Margeirsdóttir, Bjarni Ragnar Guðmundsson, Diljá Heimisdóttir, Eyþór Ingi Júlíusson, Lilja Ingimarsdóttir, María Ása Ásþórsdóttir, María Sigurðardóttir, Vilberg Andri Magnússon, Gunnhildur Gunnarsdóttir,

Aðalheiður Gunnarssdóttir, Erla Guðrún Grétarsdóttir, Andrea Björg Jónsdóttir, Salóme Rós Guðmundsdóttir, Þórunn Helga Jóhannesdóttir, Kristófer Sigurðsson, Jóhanna Júlíá Júlíusdóttir, Þórður Sigurgeirsson, Stefán Örn Ólafsson, Hólsmríður Rún Guðmundsdóttir, Jón Águst Guðmundsson, Einar þór Ívarsson, Ólöf Edda Eðvarðsdóttir, Guðrún Elva Níelsdóttir, Ámundi Georg Hlynsson, Þróstur Bjarnason, Sigurður Helgi Sigurðsson, Sveinn Ólafur Lúðvíksson, Hildur Ýr Sæbjörnsdóttir, Helga Kristín Sverrisdóttir, Erla Sigurjónsdóttir.

Liðakeppnir

Aldursflokkameistaramót 1. sæti

Bikarkeppni 2. sæti

Darmstadt Cup 2. sæti

Aðrir titlar

Stigahæsti sveinn á AMÍ: Kristófer Sigurðsson

Stigahæsta telpa á AMÍ: Soffía Klemenzdóttir

Styrkir

Þrí sundmenn hlutu styrk frá ÍSÍ 2007. Birkir Már Jónsson eingreiðsla úr Afrekssjóð ÍSÍ. Davíð Hildiberg Aðalsteinsson og Guðni Emilsson úr Afreksjóði ungra og efnilega.

Darmstadt alþjóðlegt móti

Sundmennirnir okkar voru hreint út sagt landi og þjóð til sóma á alþjóðlegu sundmóti í Þýskalandi .Alls unnu sundmenn ÍRB, 19 talsins, til 59 verðlauna á mótinu og liðið endaði í öðru sæti í liðakeppni mótsins, þar sem þau unnu verðlaunafé að upphæð 15.000- kr. Gott gengi hafði verið hjá liðinu á fyrsta degi mótsins og var það í 6. sæti keppninnar með 20 verðlaun. Á seinni deginum fór okkar fólk síðan hamförum og endaði með 59 verðlaun og 2. sætið. Mót þetta heitir Wiest Autohauser Cup og fór fram í Darmstadt en alls töku 37 lið þátt í mótinu. Okkar fólk vann alls 26 gull, 18 silfur og 15 bronsverðlaun sem er hreint ótrúlegt. Keppt var til verðlauna og stiga í árgögum og fullorðinsflokk. Einnig voru veitt verðlaun fyrir bestu afreks mótsins í karla og kvennafllokki. Margar stórkostlegar bætingar litu dagsins ljós og í sumum lengri greinunum voru dæmi um það að sundmennirnir okkar bættu sig um 10 - 14 sekúndur. Greinilegt er því að bætt æfingaaðstaða okkar duglega sundfólks er að skila enn betri árangri í 50 metra lauginni. Þeir sundmenn SK sem unnu til flestra verðlauna voru Davíð Hildiberg Aðalsteinsson 3 gull, 3 silfur og 2 brons, Soffía Klemenzdóttir 3 gull og 3 brons, Helena Ósk Ívars dóttir 3 gull og 1 silfur og Birkir Már Jónsson 1 gull, 3 silfur og 1 brons. Glæsilegur árangur hjá okkar fólk !

CIJ LUX

Fimm sundmenn frá okkur skipuðu 18 manna unglingslandsliðshóp SSÍ sem fór til keppni á alþjóðlegu unglingsmóti (CIJ LUX) í Luxemborg. Sundmennirnir voru : Davíð Hildiberg Aðalsteinsson, Elfa Ingvadóttir, Guðni Emilsson, Helena Ósk Ívars dóttir og Jóna Helena Bjarnadóttir. Ágætis árangur náðist hjá okkar fólk og var afrakstur okkar fólks úr mótinu alveg með ágætum ein gull-, þrenn silfur- og tvenn bronsverðlaun.

Smáþjóðaleikar

Við áttum two sundmenn á Smáþjóðaleikunum í Mónacó. Birkir Már Jónsson og Davíð Hildiberg Aðalsteinsson. Birkir Már hlaut tvenn gullverðlaun, og ein silfurverðlaun í boðsundum.

Danish Open í júlí í 50m laug

Birkir Már stóð sig vel og tryggði sér sæti í úrslitunum á mótinu í 100m flugsundi þar sem hann endaði í áttunda sæti.

Íslands met á árinu

Alls hafa karlasveitið félagsins slegið þrjú met á árinu 2007.

Alls eru aldursflokkametin sem okkar fólk hefur slegið 12. Þar af á Soffía Klemenzdóttir 9 þeirra og þrjú fíllu í boðsundum eitt í drengja, eitt í stúlkna og eitt í telpna.

Innanfélagsmetin sem fallið hafa á árinu eru í námunda við 100.

Ólympíudagar Evrópuæskunnar

Við áttum two sundmenn á Ólympíudögum Evrópuæskunnar í Belgrad í Serbíu. Þær Soffíu Klemenzdóttur og Svandísí Póru Sæmundsdóttur. Þetta móti kemur til með að stækka reynslubanka þessara sundmanna mjög mikið, því keppt var við erfiðar aðstæður, gríðalegur hiti í mikilli hitabylgju. Hiti allt uppí 50 gráður, og þar sem sundmennirnir gisti var ekki loftkæling sem verður að teljast frekar óþægilegt og erfitt yfir vikutíma. Svandís synti 200 m flugsund (+2,0) 17. sæti og eingöngu 3/100 frá b-úrslitum, einnig var hún í boðsundsveit Íslands í 4 x 200m skriðsundi þar sem hún synti á sínum besta tíma 2,15,62. Soffía keppti í flestum greinum allra íslensku sundmannanna og úrslit hennar voru sem hér segir, 100m skriðsund (+0,6), 100 flugsundi (+0,4). Hún komst hinsvegar í B-úrslit í 200 metra fjórsundi 2.30.58 (+2,1) en gerði ógilt í því miður ógilt í úrslitasundinu. Hún var síðan einnig dæmd ógild í undanrásum 400m fjórsundins fyrir sama tækniatriðið þ.e. skiptingu úr baki í bringu þar sem hún átti að hafa verið komin yfir 90 gráður á bakinu áður en snerting átti sér stað. Samkvæmt þeim tíma sem hún var að synda þar ef sundið hefði verið gilt þá hefði hún einnig náð B-úrslitum í þeiri grein sem hefði verið frábært hjá henni. Yfir heildina getum við sannarlega glaðst yfir þessum árangri hjá þessum frábæru sundmönnum sem eru að feta sín fyrstu spor á alþjóðlegum móti, því eins og áður sagði þá var þetta móti stórt stykki í reynslubanka þessara sundmanna og kemur til með að gera þau enn betri.

Danska meistaramótið í 25m laug

Birkir Már Jónsson synti þokkalega en vantaði nokkuð uppá til þess að komast í úrslit, hann náði þó inní B- úrslit í 200m skriðsundi, Guðni Emilsson komst í undanúrslit og úrslit í öllum sínum greinum, en best stóð hann sig í 50m bringusundi þar sem hann hafnaði í 2. sæti í unglingsflokknum.

NMU

Sundmenn SK voru 50% þeirra sundmanna sem kepptu fyrir Íslands hönd á Norðurlandameistaramóti unglings í Færeyjum dagana 01. og 02. des. Sundmennirnir voru þau Davíð Hildberg Aðalsteinsson, Elfa Ingvadóttir, Jóna Helena Bjarnadóttir og Soffía Klemenzdóttir. Davíð náði öðru sæti í 100m baksundi á tímanum 57,66 sek, um og Soffía varð þriðja í 200m flugsundi, á tímanum 2:24,05 mín, Jóna Helena og Elfa stóðu sig einnig mjög vel og er með sanni hægt að segja að þarna hafi verið flott tilþrif hjá okkar fólk.

Sundmaður Keflavíkur 2007

Guðni Emilsson var valinn Sundmaður Keflavíkur árið 2007 og jafnframt íþróttamaður Keflavíkur árið 2007.

Guðni Emilsson er sérlega efnilegur og duglegur sundmaður. Guðni á nokkur gildandi met í yngri aldursflokkunum og á síðasta ári þá vann hann til verðlauna á Norðurlandameistarmóti unglings. Hann er einn af efnilegri bringusundsmönnum landsins, og á Íslandsmeistaramótinu í 25m laug í nóvember síðastliðnum varð hann Íslandsmeistari í 50m bringusundi. Tími hans í þeirri grein skipar honum í 33. sæti í fullorðinsflokk á afrekaskrá Evrópu. Hann hefur einnig orðið Íslandsmeistari í fullorðinsflokk í fjórum boðsundum á árinu og er einn af burðarásum boðsundsveitar deildarinnar sem sett hefur þrenn Íslandsmet á árinu.

Guðni tryggði sér særðarheitið Sundmaður Keflavíkur árið 2007 með því að synda 50m bringusund í 25m laug á tímanum 28.59 sek, sem gaf 815 alþjóðleg FINA stig, og 50m bringusund í 50m laug á tímanum 29.72 sek, sem gaf 793 alþjóðleg FINA stig. Fyrir þessi tvö sund fékk hann því samtals 1608 FINA stig.

Sundæfingar

Eldri hópur ÍRB æfir í Vatnaveröld undir stjórn Steindórs Gunnarssonar, íþróttakennara og yfirþjálfara. Yngri ÍRB hópur æfir í Vatnaveröld undir stjórn Eðvarðs Þórs Eðvarðssonar, íþróttakennar og íþrótttafræðings. Eins og fram hefur komið hér á undan hafa þeir félagar gert feikna góða hluti undanfarin ár og komið sundmönnum í Reykjanesbæ í fremstu röð á landsvísu.

Sundmenn á aldrinum 6 – 12 ára æfa undir stjórn Írisar Daggars Steinsdóttur, íþrótttafræðings, í Vatnaveröld, en hún tók við af Sigurbjörgu Gunnarsdóttur sem hætti þjálfun eftir síðasta tímabil. Markmiðið er að þjálfa krakkan í öllum fjórum höfuðsundunum auk þess sem lögð er áhersla á stungur og snúningum við bakka.

Sundmenn á aldrinum 2ja – 6 ára æfa í Heiðarskóla undir stjórn Sóleyjar Margeirs Þórssdóttur, fyrrverandi sundmanns frá SK og núverandi nema við íþróttaskor HR. Markmiðið með kennslunni er að gera krakkana synda án kúta og þar með tilbúna fyrir æfingar í Vatnaveröld. Sú nýbreytni var tekin upp á árinu að skipta tímabilinu í 4 námskeið, 2 fyrir jól og 2 eftir jól, og hefur það komið vel út til þessa. Markmiðið með breytingunni er að minnka brottfall á síðari hluta tímabilsins, með því að brjóta tímabilið upp í minni einingar.

Ungbarnasund í Heiðarskólalaug hófst í haust undir stjórn Heiðrúnar Bjargar Sigmarsdóttur, íþrótttafræðings. Ungbarnasund snýst það aðallega um hreyfingu og aðlögun í vatni fyrir börn á aldrinum þriggja mánaða til tveggja ára. Hreyfing er margfalt auðveldari í vatni en á landi og aukin hreyfing flýtir fyrir hreyfibroska. Fyrstu mánuðir af æviskeiði barna eru mikilvægastir hvað þroskaferil varðar. Því fyrr sem börn læra sund því öruggari verða þau með sig í vatninu.

Fjöldi iðkenda SK var í haust skráður 202 talsins, sem er nokkur aukning frá síðasta ári.

AFREKASKRÁ SUNDDEILDAR KEFLAVÍKUR



Síðast uppfært nów. 2007 (með fyrirvara)

(Frá “01)
25m LAUG

Konur

50m skriðsund	00:27:56	"07	Soffía Klemenzdóttir
100m skriðsund	01:00:32	"07	Soffía Klemenzdóttir
200m skriðsund	02:08:13	"03	Póra Björg Sigurbórsdóttir
400m skriðsund	04:31:47	"07	Elfa Ingvadóttir
800m skriðsund	09:26:35	"07	Elfa Ingvadóttir
1500m skriðsund	18:27:08	"07	Jóna Helena Bjarnadóttir
50m baksund	00:31:52	"07	Marín Hrund Jónsdóttir
100m baksund	01:07:21	"07	Marín Hrund Jónsdóttir
200m baksund	02:25:04	"07	Marín Hrund Jónsdóttir
50m flugsund	00:29:74	"07	Soffía Klemenzdóttir
100m flugsund	01:04:60	"02	Eydís Konráðsdóttir
200m flugsund	02:22:28	"07	Soffía Klemenzdóttir
50m bringusund	00:33:47	"03	Íris Edda Heimisdóttir
100m bringusund	01:11:32	"01	Íris Edda Heimisdóttir
200m bringusund	02:30:93	"03	Íris Edda Heimisdóttir
100m fjórsund	01:07:02	"01	Íris Edda Heimisdóttir
200m fjórsund	02:24:10	"07	Soffía Klemenzdóttir
400m fjórsund	05:00:24	"07	Soffía Klemenzdóttir

Stúlkur

50m skriðsund	00:27:56	"07	Soffía Klemenzdóttir
100m skriðsund	01:00:32	"07	Soffía Klemenzdóttir
200m skriðsund	02:10:02	"07	Soffía Klemenzdóttir
400m skriðsund	04:31:47	"07	Elfa Ingvadóttir
800m skriðsund	09:26:35	"07	Elfa Ingvadóttir
1500m skriðsund	18:27:08	"07	Jóna Helena Bjarnadóttir
50m baksund	00:31:52	"07	Marín Hrund Jónsdóttir
100m baksund	01:07:21	"07	Marín Hrund Jónsdóttir
200m baksund	02:25:04	"07	Marín Hrund Jónsdóttir
50m flugsund	00:29:74	"07	Soffía Klemenzdóttir
100m flugsund	01:05:81	"07	Soffía Klemenzdóttir
200m flugsund	02:22:28	"07	Soffía Klemenzdóttir
50m bringusund	00:33:89	"01	Íris Edda Heimisdóttir
100m bringusund	01:11:32	"01	Íris Edda Heimisdóttir
200m bringusund	02:32:91	"01	Íris Edda Heimisdóttir
100m fjórsund	01:07:60	"07	Soffía Klemenzdóttir

200m fjórsund	02:24:10	"07	Soffía Klemenzdóttir
400m fjórsund	05:00:24	"07	Soffía Klemenzdóttir

Telpur

50m skriðsund	00:27:56	"07	Soffía Klemenzdóttir
100m skriðsund	01:00:32	"07	Soffía Klemenzdóttir
200m skriðsund	02:10:02	"07	Soffía Klemenzdóttir
400m skriðsund	04:37:20	"07	Soffía Klemenzdóttir
800m skriðsund	09:29:85	"06	Elfa Ingvadóttir
1500m skriðsund	18:53:45	"06	Elfa Ingvadóttir
50m baksund	00:33:61	"06	Elfa Ingvadóttir
100m baksund	01:12:22	"06	Elfa Ingvadóttir
200m baksund	02:30:07	"06	Elfa Ingvadóttir
50m flugsund	00:29:74	"07	Soffía Klemenzdóttir
100m flugsund	01:05:81	"07	Soffía Klemenzdóttir
200m flugsund	02:22:28	"07	Soffía Klemenzdóttir
50m bringusund	00:35:05	"04	Helena Ósk Ívars dóttir
100m bringusund	01:14:00	"03	Helena Ósk Ívars dóttir
200m bringusund	02:41:18	"04	Helena Ósk Ívars dóttir
100m fjórsund	01:07:60	"07	Soffía Klemenzdóttir
200m fjórsund	02:24:10	"07	Soffía Klemenzdóttir
100m fjórsund	01:07:60	"07	Soffía Klemenzdóttir

Meyjar

50m skriðsund	00:29:95	"05	Soffía Klemenzdóttir
100m skriðsund	01:04:02	"05	Soffía Klemenzdóttir
200m skriðsund	02:16:18	"05	Soffía Klemenzdóttir
400m skriðsund	04:47:72	"05	Soffía Klemenzdóttir
800m skriðsund	10:17:60	"04	Jóna Helena Bjarnadóttir
50m baksund	00:36:01	"06	Salóme Rós Guðmundsdóttir
100m baksund	01:16:26	"02	Karitas Heimisdóttir
200m baksund	02:41:22	"02	Karitas Heimisdóttir
50m flugsund	00:31:81	"05	Soffía Klemenzdóttir
100m flugsund	01:13:09	"05	Soffía Klemenzdóttir
200m flugsund	02:37:42	"05	Svandís Þóra Sæmundsdóttir
50m bringusund	00:37:39	"05	María Halldórsdóttir
100m bringusund	01:21:00	"06	Lilja Ingimarsdóttir
200m bringusund	02:55:30	"06	Lilja Ingimarsdóttir
100m fjórsund	01:12:63	"05	Soffía Klemenzdóttir
200m fjórsund	02:39:36	"05	Soffía Klemenzdóttir
400m fjórsund	06:37:38	"01	Guðrún Hrefna Kolbeinsdóttir

Karlar

50m skriðsund	00:22:33	"02	Örn Arnarson
100m skriðsund	00:48:57	"02	Örn Arnarson
200m skriðsund	01:52:36	"05	Birkir Már Jónsson
400m skriðsund	04:01:77	"07	Birkir Már Jónsson
800m skriðsund	09:11:71	"02	Magnús Sveinn Jónsson

1500m skriðsund	17:15:22	"02	Magnús Sveinn Jónsson
50m baksund	00:24:47	"03	Örn Arnarson
100m baksund	00:51:74	"03	Örn Arnarson
200m baksund	01:53:40	"03	Örn Arnarson
50m flugsund	00:24:09	"03	Örn Arnarson
100m flugsund	00:54:38	"04	Örn Arnarson
200m flugsund	01:59:68	"03	Örn Arnarson
50m bringusund	00:28:59	"07	Guðni Emilsson
100m bringusund	01:02:99	"06	Guðni Emilsson
200m bringusund	02:17:25	"06	Guðni Emilsson
100m fjórsund	00:55:79	"03	Örn Arnarson
200m fjórsund	01:57:91	"03	Örn Arnarson
400m fjórsund	04:13:03	"03	Örn Arnarson

Piltar

50m skriðsund	00:24:30	"01	Guðlaugur Már Guðmundsson
100m skriðsund	00:53:03	"03	Birkir Már Jónsson
200m skriðsund	01:54:54	"03	Birkir Már Jónsson
400m skriðsund	04:04:23	"04	Birkir Már Jónsson
800m skriðsund	09:17:61	"01	Birkir Már Jónsson
1500m skriðsund	17:26:30	"01	Birkir Már Jónsson
50m baksund	00:27:10	"07	Davíð Hildiberg Aðalsteinsson
100m baksund	00:57:66	"07	Davíð Hildiberg Aðalsteinsson
200m baksund	02:06:78	"07	Davíð Hildiberg Aðalsteinsson
50m flugsund	00:26:34	"07	Davíð Hildiberg Aðalsteinsson
100m flugsund	00:57:01	"07	Davíð Hildiberg Aðalsteinsson
200m flugsund	02:07:13	"04	Birkir Már Jónsson
50m bringusund	00:28:97	"06	Guðni Emilsson
100m bringusund	01:02:99	"06	Guðni Emilsson
200m bringusund	02:17:25	"06	Guðni Emilsson
100m fjórsund	00:59:80	"06	Guðni Emilsson
200m fjórsund	02:09:30	"05	Guðni Emilsson
400m fjórsund	04:43:34	"06	Guðni Emilsson

Drengir

50m skriðsund	00:26:17	"01	Birkir Már Jónsson
100m skriðsund	00:56:61	"01	Birkir Már Jónsson
200m skriðsund	02:01:17	"01	Birkir Már Jónsson
400m skriðsund	04:26:34	"01	Birkir Már Jónsson
800m skriðsund	09:17:61	"01	Birkir Már Jónsson
1500m skriðsund	17:47:42	"01	Birkir Már Jónsson
50m baksund	00:31:03	"01	Birkir Már Jónsson
100m baksund	01:06:56	"01	Birkir Már Jónsson
200m baksund	02:21:66	"07	Hermann Bjarki Nielsson
50m flugsund	00:28:82	"01	Birkir Már Jónsson
100m flugsund	01:02:30	"01	Birkir Már Jónsson
200m flugsund	02:20:38	"01	Birkir Már Jónsson
50m bringusund	00:32:45	"03	Guðni Emilsson

100m bringusund	01:08:69	"03	Guðni Emilsson
200m bringusund	02:28:06	"03	Guðni Emilsson
100m fjórsund	01:05:17	"03	Guðni Emilsson
200m fjórsund	02:25:37	"03	Guðni Emilsson
400m fjórsund	05:12:98	"03	Guðni Emilsson

Sveinar

50m skriðsund	00:31:11	"05	Hermann Bjarki Níelsson
100m skriðsund	01:05:48	"05	Hermann Bjarki Níelsson
200m skriðsund	02:22:16	"05	Hermann Bjarki Níelsson
400m skriðsund	04:57:13	"05	Hermann Bjarki Níelsson
800m skriðsund			
1500m skriðsund	19:55:35	"05	Hermann Bjarki Níelsson
50m baksund	00:36:55	"05	Hermann Bjarki Níelsson
100m baksund	01:18:04	"03	Bjarni Ragnar Guðmundsson
200m baksund	02:41:76	"05	Hermann Bjarki Níelsson
50m flugsund	00:36:53	"05	Rúnar Ingí Eðvarðsson
100m flugsund	01:19:51	"05	Rúnar Ingí Eðvarðsson
200m flugsund	02:55:60	"01	Guðni Emilsson
50m bringusund	00:37:53	"05	Ingí Rúnar Árnason
100m bringusund	01:18:02	"01	Guðni Emilsson
200m bringusund	02:49:68	"01	Guðni Emilsson
100m fjórsund	01:15:91	"05	Ingí Rúnar Árnason
200m fjórsund	02:45:23	"05	Ingí Rúnar Árnason
400m fjórsund	06:25:09	"01	Arnar Ingí Guðmundsson